

Ríkisendurskoðun
00 620

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Yfirlit um afkomu ársins	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	9
Skýringar	10

Ríkisendurskoðun
kt. 540269-1819
Bríetartúni 7, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Skv. lögum nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga er ríkisendurskoðandi trúnaðarmaður Alþingis. Ríkisendurskoðandi annast endurskoðun ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila og fyrirtækja þar sem eignarhald ríkissjóðs er 50% eða meira, hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og stuðlar að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og nýtingu almannaþjálfs svo sem nánar er mælt fyrir um í 4. gr. laganna. Ríkisendurskoðun er skrifstofa ríkisendurskoðanda.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 1 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum. Starfsemin á árinu byggir á fjárlögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er að finna á sérstöku yfirliti í ársreikningnum.

Á árinu 2024 var ársveltan 953,7 milljónir króna og afkoma neikvæð um 19,7 milljónir króna. Er það í samræmi við áætlanir og stefnu Ríkisendurskoðunar að útvista í meira mæli endurskoðun á fyrirtækjum í eigu ríkisins, en einbeita sér að endurskoðun A-hluta stofnana og sérstökum stjórnarsýslu-úttektum. Þetta hefur í för með sér að dregur úr sértekjum stofnunarinnar.

Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign í árslok 2024 um 124 milljónir króna og er stofnunin því vel í stakk búin að mæta tímabundnum hallarekstri. Heildareignir námu 237,4 milljónum króna.

Ársverk hjá Ríkisendurskoðun voru 42,2 sem er fjölgun um 1,4 stöðugildi frá árinu 2023, en samþæring fjöldi og var á árinu 2022. Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður nam 809,5 milljónum króna á árinu 2024.

Það er álit okkar að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkisendurskoðunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og sviðsstjóri fjármála og rekstrar staðfesta hér með ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 23. apríl 2025

Guðmundur Björgvin Helgason, ríkisendurskoðandi
(undirritað rafrænt)

Jón Loftur Björnsson, sviðsstjóri fjármála og rekstrar
(undirritað rafrænt)

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til forseta Alþingis

Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, yfirlit um afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisendurskoðunar á árinu 2024, efnahag 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög sem um stofnunina gilda.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð mín samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Ég er óháður Ríkisendurskoðun í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur Ríkisendurskoðunar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið endurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit endurskoðandans. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur, séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun mín er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Nánar tiltekið er eftirfarandi aðferðum beitt:

- Hætta á verulegri skekkju í ársreikningnum er metin og greind, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi. Endurskoðunaraðgerðir eru tilsniðnar og gerðar til að bregðast við þeim hættum og endurskoðunargagna er aflað sem metin eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit mitt. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflun skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, er gerð í þeim tilgangi að beita viðeigandi endurskoðunaraðgerðum, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metið er hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um einstaka liði ársreikningsins.

- Við lok endurskoðunar er metið í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, lagt er mat á framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Endurskoðandi upplýsir stjórnendur Ríkisendurskoðunar um áætlað umfang endurskoðunarinnar og um mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Kópavogi, 23. apríl 2025

AT-Ráðgjöf ehf.

Árni Tómasson, endurskoðandi
(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	778.700.000	783.500.000
Seld þjónusta	3	165.652.945	171.295.541
Aðrar tekjur	3	1.440.000	340.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	7.929.334	9.867.659
Tekjur samtals		953.722.279	965.003.200
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	809.451.229	755.800.470
Annar rekstrarkostnaður	5	156.298.537	149.204.943
Afskriftir	6	7.929.334	9.867.659
Gjöld samtals		973.679.100	914.873.072
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(19.956.821)	50.130.128
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		274.998	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(1.988)	(18.586)
		273.010	(18.586)
Afkoma ársins		(19.683.811)	50.111.542

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Handbært fé		0	432.253
Viðskiptakröfur		734.831	5.246.640
Tengdir aðilar	7	213.900.185	227.160.965
Fyrirframgreiddur kostnaður		439.467	2.831.752
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	22.347.115	30.276.449
Eignir samtals		<u>237.421.598</u>	<u>265.948.059</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	643.726	562.552
Viðskiptaskuldir		5.592.174	10.204.965
Ýmsar skammtímaskuldir	9	83.167.418	86.849.117
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	10	24.040.550	24.669.884
Skuldir samtals		<u>113.443.868</u>	<u>122.286.518</u>
Eigið fé			
Hrein eign	8	123.977.730	143.661.541
Eigið fé samtals		<u>123.977.730</u>	<u>143.661.541</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>237.421.598</u>	<u>265.948.059</u>
Aðrar upplýsingar			
	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(19.683.811)	50.111.542
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	7.929.334	9.867.659
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(7.929.334)	(9.867.659)
		<u>(19.683.811)</u>	<u>50.111.542</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		6.904.094	12.380.658
Tengdir aðilar		13.341.954	(56.842.322)
Skammtímaskuldir		(8.294.490)	3.668.607
		<u>11.951.558</u>	<u>(40.793.057)</u>
		<u>(7.732.253)</u>	<u>9.318.485</u>
Handbært fé (til rekstrar) / frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	0	(4.512.964)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	0
		<u>0</u>	<u>(4.512.964)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breyting fjárveitinga skv. reglugerð nr. 566/2021		0	(12.728.287)
Fjárfestingarframlag		7.300.000	7.100.000
		<u>7.300.000</u>	<u>(5.628.287)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(432.253)	(822.766)
		<u>432.253</u>	<u>1.255.019</u>
		<u>0</u>	<u>432.253</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Samkvæmt fjárlögum og fjárukaalögum 2024	757.300.000	7.300.000	764.600.000
Launabætur	21.400.000	0	21.400.000
Fjárveiting ársins	778.700.000	7.300.000	786.000.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023 (umframráðstafað)	143.661.541	(5.606.565)	138.054.976
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	922.361.541	1.693.435	924.054.976
Ráðstöfun ársins samkvæmt rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum/ fjárfestingar	(798.383.811)	0	(798.383.811)
Staða fjárveitinga í lok árs 2024	123.977.730	1.693.435	125.671.165
	2024	2023	2022
Hlutfall afkomu af heildarfjárveitingu	-2,5%	6,4%	4,1%
Hlutfall uppsafnaðrar afkomu af heildarfjárveitingu	15,9%	18,3%	14,2%

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækings endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Lægri fjárhæðir eru ekki færðar til eignar sem varanlegir rekstrarfjármunir þó færa megi rök fyrir að endingartími þeirra sé nokkur. Miðað er við að nái einstök eign ekki virði að fjárhæð kr. 600.000 er hún færð strax til gjalda.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Skýringar

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á sóludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjárumnum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremmis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2024	2023
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	786.000.000	790.600.000
Þar af fjárveiting til fjárfestinga, færð á frestaðar tekjur sjá skýringu 10	(7.300.000)	(7.100.000)
Tekjufærsla fjárveitinga til rekstrar	778.700.000	783.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	7.929.334	9.867.659
	<u>786.629.334</u>	<u>793.367.659</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og uppsafnaða stöðu í árslok:

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Fjárveiting samtals
Fjárveiting samkvæmt fjárlögum og fjárukalögum 2024	757.300.000	7.300.000	764.600.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárveitinga; launabætur	21.400.000	0	21.400.000
Fjárveitingar ársins	778.700.000	7.300.000	786.000.000
Uppsöfnuð staða fjárveitinga í upphafi árs (umframráðstafað)	143.661.541	(5.606.565)	138.054.976
Ráðstöfun fjárveitinga á árinu að frádregnum sértekjum	(798.383.811)	0	(798.383.811)
Uppsöfnuð staða fjárveitinga í lok árs (umframráðstafað)	<u>123.977.730</u>	<u>1.693.435</u>	<u>125.671.165</u>

Engar rekstrartilfærslur eða fjármagnstilfærslur áttur sér stað á árinu.

	2024	2023
3 Seld þjónusta og leigutekjur		
Sérfræðiþjónusta	162.525.690	168.405.541
Mötuneyti	3.127.255	2.890.000
	<u>165.652.945</u>	<u>171.295.541</u>
Leigutekjur	1.440.000	340.000
	<u>167.092.945</u>	<u>171.635.541</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	658.025.182	603.996.823
Orlof, breyting	(4.541.699)	8.615.659
Launatengd gjöld	145.331.203	133.579.804
Starfsmannakostnaður	10.636.543	9.608.184
	<u>809.451.229</u>	<u>755.800.470</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	42,2	40,8

Skýringar

	2024	2023
5 Annar rekstrarkostnaður		
Ferða- og dvalarkostn. innanl.....	3.029.277	2.906.767
Ferða- og dvalarkostn. erlendis.....	1.701.675	1.940.983
Fundir, námskeið og risna.....	2.529.866	3.078.880
Akstur.....	419.855	310.085
Ferðir og fundir samtals.....	7.680.673	8.236.715
Tímarit, blöð og bækur.....	241.143	784.178
Skrifstofuvörur og áhöld.....	7.379.544	9.867.326
Aðrar rekstrarvörur.....	797.117	427.103
Keyptar máltíðir og kaffikostnaður.....	14.620.890	14.103.308
Rekstrarvörur samtals.....	23.038.694	25.181.915
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta.....	6.302.720	3.943.816
Önnur sérfræðipjónusta.....	11.270.617	13.283.885
Hugbúnaður, sími og ýmis leigugjöld.....	14.899.211	13.472.307
Prentun,póstur, augl., flutn.....	837.215	929.972
Aðkeypt þjónusta samtals.....	33.309.763	31.629.980
Húsaleiga og aðk. ræsting.....	79.214.957	74.713.483
Rafmagn og heitt vatn.....	3.115.367	2.084.728
Verkkaup og byggingavörur.....	7.300.532	5.427.351
Húsnæði samtals.....	89.630.856	82.225.562
Verkstæði og varahlutir.....	221.767	113.958
Brensluefni og olíur.....	140.995	205.389
Tryggingar og skattar.....	155.668	144.321
Bifreiðar og vélar samtals.....	518.430	463.668
Opinber gjöld, leyfisgjöld.....	2.120.121	1.467.103
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	156.298.537	149.204.943

Skýringar

	31.12.2024	31.12.2023
6 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	18.852.771	26.311.241
Farartæki og vélar	0	470.864
Aðrar eignir	3.494.344	3.494.344
	<u>22.347.115</u>	<u>30.276.449</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2024	85.418.570	7.533.749	3.494.344	96.446.663
Viðbætur á árinu	0	0	0	0
	<u>85.418.570</u>	<u>7.533.749</u>	<u>3.494.344</u>	<u>96.446.663</u>
Afskriftir 01.01.2024	59.107.329	7.062.885	0	66.170.214
Afskrift ársins	7.458.470	470.864	0	7.929.334
	<u>66.565.799</u>	<u>7.533.749</u>	<u>0</u>	<u>74.099.548</u>
Staða 31.12.2024.....	<u>18.852.771</u>	<u>0</u>	<u>3.494.344</u>	<u>22.347.115</u>

7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	174.501.115	204.837.125
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	39.399.070	22.323.840
	<u>213.900.185</u>	<u>227.160.965</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	643.726	562.552
	<u>643.726</u>	<u>562.552</u>

8 Eigið fé

	2024	2023
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	143.661.541	106.278.286
Breyting uppsafnaðrar afkomu á grundvelli reglugerðar nr. 566/2021	0	(12.728.287)
Afkoma ársins	(19.683.811)	50.111.542
Jöfnuður 31.12.	<u>123.977.730</u>	<u>143.661.541</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2024	31.12.2023
9 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	82.307.418	86.849.117
Önnur ógreidd gjöld	860.000	
	<u>83.167.418</u>	<u>86.849.117</u>

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignanna í formi afskrifta. Til mótvægis við eignfærsluna er færður liður, Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda, sem endurspeglar uppsafnaða fjármögnun ríkisins til fjárfestinga, að frádræginni áætlaðri rýrnun undirliggjandi eigna. Skuldaliður þessi færir til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða fellur niður við sölu þeirra nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2024	31.12.2023
Frestaðar tekjur vegna eftirstöðva fjárveitinga til fjárfestinga	22.347.115	30.276.449
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga)	1.693.435	(5.606.565)
	<u>24.040.550</u>	<u>24.669.884</u>

	Uppsöfnuð fjárfesting að frádeginni rýrnun	Ónotuð (ofnýtt) fjárveiting	Samtals frestun tekjufærslu
Staða 01.01.2024	30.276.449	(5.606.565)	24.669.884
Fjárveiting ársins til fjárfestinga skv. fjárlögum	0	7.300.000	7.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu	0	0	0
Reiknuð tekjufærsla frestaðra tekna	(7.929.334)	0	(7.929.334)
	<u>22.347.115</u>	<u>1.693.435</u>	<u>24.040.550</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 6 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

11 Aðrar upplýsingar

Leigusamningar

Fjárhæð húsaleigu er færð til gjalda ár hvert, en hvorki er reiknuð skuldbinding vegna ógreiddrar húsaleigu, né réttindi henni tengd í ársreikningi. Ríkisendurskoðun hefur gert tvo leigusamninga vegna starfsstöðva sinna. Annars vegar er leigusamningur við Ríkiseignir um leigu á 2.128 m² húsnæði að Bríetartúni 7 og Þórunnartún 6, Reykjavík. Samningurinn er óbundinn og gilda almenn ákvæði um uppsögn og endurnýjun samningsins. Leigufjárhæð er bundin vísitölu neysluverðs og nam á árinu 2024 kr. 65.897.640, en verður kr. 69.128.340 á árinu 2025. Auk þess hefur Ríkisendurskoðun gert tvo bílastæðasamninga í næsta nágranni við starfsstöðina og nam kostnaður vegna þessa á árinu 2024 kr. 869.904, en verður kr. 912.552 á árinu 2025.

Hins vegar eru tveir leigusamningar við Dalbyggingar ehf. um leigu á 256,5 m² húsnæði á Glerárgötu 34 fyrir starf- semi stofnunarinnar á Akureyri. Samningarnir eru uppsegjanlegir af hálfu beggja aðila frá 1. mars 2026 með 6 mánaða fyrirvara, en leigutaki á þó rétt á að framlengja leigusamninginn til 5 ára, eða til 28. febrúar 2031. Leigu- fjárhæð er bundin vísitölu neysluverðs og nam á árinu 2024 kr. 7.547.315 vegna beggja samninga, en er áætluð kr. 7.610.208 árið 2025. Þá hefur Ríkisendurskoðun gert endurleigusamning við Háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytið annars vegar og við Lyfjastofnun hins vegar um leigu á hluta Glerárgötu 34, Akureyri. Er samningarnir með gagnkvæmum 3ja mánaða uppsagnarfresti. Leigutekjur vegna þessara samninga námu á árinu 2024 kr. 1.440.000 og er áætluð svipuð fjárhæð árið 2025.

Aðrir skuldbindandi samningar

Ríkisendurskoðun hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga vegna hugbúnaðar, vistunar kerfa ofl. rekstrarliða og nema árlegar greiðslur vegna þessa um 21,7 milljónum króna.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2024.

Skýringar

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir, eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Lífeyrisskuldbindingar

Skuldbindingar vegna áunninna réttinda starfsmanna, umfram greiðslu vegna þeirra í lífeyrissjóði, hvílir á ríkissjóði.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.